

**Fundargerð 97. fundar Félagstjórnar Sjúkraliðafélags Íslands, haldinn  
miðvikudaginn 13. febrúar 2019, kl. 10.00  
í félagsaðstöðu sjúkraliða, við Grensásveg 16, Reykjavík.**

Mættir til fundar:

Sandra B Franks, formaður SLFÍ

Kristín Ólafsdóttir, varaformaður

Jóhanna Traustadóttir, ritari, Reykjavíkureild

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, Vestmannaeyjadeild

Guðrún Elín Björnsdóttir Norðurlandsdeild vestri

Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Norðurlandsdeild eystri

Helga S. Sveinsdóttir, Suðurlandsdeild

Inga Lilja Sigmarsdóttir, Vesturlandsdeild

Jóhanna G. Þórðardóttir, Vestfjarðadeild

Soffía Sigríður Sigbjörnsdóttir varaformaður Austfjarðadeild

Viktoría Magnúsdóttir, Suðurnesjadeild

Ólöf Jóna Friðriksdóttir varamaður í framkvæmdastjórn

Jakobína Rut Daníelsdóttir, varamaður í framkvæmdastjórn

Fjarverandi:

Helga Sveinsdóttir, Austfjarðadeild

Fundarritun: Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ og

Jóhanna Traustadóttir ritari SLFÍ

Dagskrá

|                   |   |
|-------------------|---|
| Kl. 10:00 - 10:15 | Móttaka - kaffi og með því                          |
| Kl. 10:15 - 10:30 | Fundur settur                                       |
|                   | ✓ Fundargerð síðasta fundar                         |
| Kl. 10:30 - 11:15 | Starfsemi deilda                                    |
|                   | ✓ Félagsstarf og fundir deilda, kynning á viðburði  |
|                   | ✓ Uppfært félagatal                                 |
|                   | ✓ Félagsgjöld                                       |
|                   | ✓ Annað   |
| Kl. 11:15 - 12:00 | Undirbúningur fulltrúapings                         |
|                   | ✓ Ársskýrslur deilda                                |
|                   | ✓ Fjárhagsáætlun deilda                             |
|                   | ✓ Persónuverndarlöggjöfin/persónuverndarstefna      |
|                   | ✓ Bókun 8, starfsmennta- og starfþróunarsjóður SLFÍ |
| Kl. 12:00 - 13:00 | Matarhlé  |
| Kl. 13:00 - 14:15 | Staðan í kjaramálum                                 |
|                   | ✓ Áherslur og undirbúningur kjaraviðræðna           |

|                   |   |
|-------------------|---|
|                   | ✓ Stofnanasamningar   |
|                   | ✓ Grasnóturfundir   |
| Kl. 14:15 - 14:30 | Ófaglærðir starfsmenn, hvatning til að hefja sjúkraliðanám. |
| Kl. 14:30 - 15:00 | Önnur mál   |
| Kl. 19:00 - 21:00 | Kvöldverður með starfsfólki á skrifstofu                    |

## Dagskrá

### 1. Fundur settur

Sandra B Franks (SBF) formaður SLFÍ bauð fundarmenn velkomna til fundar og lét vita að Helga Sveinsdóttir formaður Austurlandsdeildar kæmi ekki, en í hennar stað kæmi varaformaður deildarinnar, sem væri á leiðinni úr flugi. SBF bauð sérstaklega velkomna til fundarins nýjan formann Vesturlandsdeildar, Ingu Lilju.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

### 3. Starfsemi deilda

SBF óskaði eftir yfirferð allra formanna deilda um helstu atriði í störfum hverrar svæðisdeildar fyrir sig. Hver formaður fór yfir helstu atriði sinnar deildar, samskiptaleiðir, helstu áherslur, námskeið, Evrópudag sjúkraliða 26. nóvember, ferðir á vegum deildanna, þátttöku í Norðurlandasamstarfi sjúkraliða EPN o.fl.

Fram kom m.a. að samstarf væri um haustferðir, Reykjavíkureild, Vesturlandsdeild, Suðurlandsdeild, Suðurnesjadeild og næst verður Vestmannaeyjadeildin með og samskonar samstarf hefur verið á milli Norðurlandsdeildanna og Austurlandsdeildar. Farið var yfir mikilvægi uppfærðs félagatals og rætt um mikilvægi þess að halda netfangalista uppfærðum.

Formaður Vestfjarðadeildar fór yfir áhyggjur af að sjúkraliðanámið væri ekki lengur kennt í Menntaskólanum á Ísafirði, nemarnir þurfa að sækja námið í fjarnámi, en ákveðin fjölgun var á svæðinu af sjúkraliðum þegar kennt var í Menntaskólanum. Fram kom að fræðslumiðstöðin þar sé í góðu samstarfi við deildina með fagleg námskeið.

Evrópudagurinn er í öllum deildum haldinn hátíðlegur með allskyns uppákomum. Sumar deildar hafa fengið fyrirlesara um ákveðin fagleg málefni. Hugmyndabanki var settur upp á Norðurlandi vestra varðandi væntingar í komandi kjaraviðræðum.

Norðurlandsdeild eystri gefur út og afhendir útskriftarnemum bækling með upplýsingum um ýmis mikilvæg mál varðandi stétt og stöðu sjúkraliða og munu þeir verða sendir á alla formenn hinna deildanna.

Vesturlandsdeildin er með endurnýjaða stjórn og eru allir nýir í stjórn og eru að kynna sér málefnið og er mikill áhugi fyrir starfinu.

Formenn deilda báru saman bækur sínar varðandi hvernig nálgast á heiðrun nema við útskriftina og tengingu við SLFÍ og fram kom að framkvæmdin er með mjög líku sniði.

Reykjavíkurseildin er með rúmlega 1100 sjúkraliða og er stjórnin mjög virk, en það vantar í ákveðnum tilvikum upp á virkni félagsmanna, en sumar uppákomurnar eru vel sóttar. Deildin hefur eins og aðrar deildar tekið að sér ákveðin verkefni í fjáröflunarskyni oftast tengd orlofsmálum, þ.e. t.d. þrif á bústöðum eða íbúðum. Deildin hefur tekið saman bækling þ.s. störf deildarinnar eru kynnt.

#### 4. Undirbúningur næsta fulltrúafþings SLFÍ

- Fram kom að félagsstjórnarfundur verður 6. maí og fulltrúafþingið þann 7. maí. Ársskýrslur deilda eru sendar til félagsins að loknum aðalfundum og birtar á heimasíðu félagsins og útdráttur í Sjúkraliðanum blaði félagsins. Jóna Jóhanna Sveinsdóttir gjaldkeri SLFÍ fór yfir að allir hefðu skilað inn áætlun á réttum tíma og hrósaði stjórnnum deilda fyrir það.
  - Norðurlandsdeild vestri fór fram á minna en á síðasta ári og var beiðnin samþykkt að loknum umræðum.
  - Reykjavíkurseildin fór fram á mun minna fjárframlag en á síðasta ári og skýrði formaður deildarinnar ástæður þess og var það samþykkt.
  - Norðurlandsdeild eystri fór fram á það sama og á síðasta ári, fram kom að ritföng og skrifstofukostnaður ætti að vera á öllum deildum 10.000 kr. en ekki 20.000 og var áætlunin samþykkt með þeirri breytingu.
  - Vestmannaeyjadeild fer fram á lækkun frá fyrra ári og var áætlunin samþykkt.
  - Vestfjarðadeild fer fram á hækkun um 50.000 kr., en gjaldkeri velti fyrir sér hvort sú hækkun dygði fyrir uppákomum vegna afmælis, en að lokinni umræðu var bent á að hægt væri að sækja um viðbætur ef þörf væri á. Áætlunin samþykkt.
  - Suðurlandsdeild fór fram á sömu fjárveitingu og á síðasta ári, en eiga fjármuni frá fyrri árum og þ.a.l. lagði gjaldkeri til ákveðna lækkun og niðurstaðan var að fjárveitingin verði lækkuð. Samþykkt, 200.000 í stað 285.000
  - Vesturlandsdeild fer fram á ákveðna upphæð, en átti töluverða fjármuni frá fyrri árum og þ.v. lagt var til að upphæðin verði 150.000 kr. og það samþykkt.
  - Suðurnesjadeild fer fram á lækkun miðað við upphaflega áætlun og fara fram á 250.000 kr., en vegna innistæðu frá fyrra ári var ákveðið að greiða 150.000 og bent á hægt væri að sækja um viðbót. Samþykkt.
  - Austurlandsdeild sækir um það sama og á síðasta ári, en rekstur síðasta árs var mun ódýrari en sú upphæð. Málið rætt og ákveðið að afgreiða beiðnina síðar þ.s. ákveðnar upplýsingar vantar varðandi reikningshaldið og beiðnin verður afgreidd í framkvæmdastjórn.
- SBF fór yfir drög að persónuverndarstefnu SLFÍ og kynnti aðdragandann að stefnunni, sem var breytingin á persónuverndarlöggjöfinni. Málið rætt og góðar ábendingar komu fram.
- SBF sýndi nýja heimasíðu félagsins og hvernig hún er uppsett en verið er að leggja loka höndina á síðuna, en eitthvað er lengra í mínar síður en þar verða

persónubundnar upplýsingar félagsmanna varðandi ákveðna ávinnslu t.d. í orlofsmálum.

- SBF fór yfir sögu „Bókunar 8“, sem varðar Starfsmennta- og starfþróunarsjóður SLFÍ og hve illa hefur gengið að ná sameiginlegri niðurstöðu þar sem báðir aðilar eru sáttir. Áfram verður unnið með málið, en á meðan verða engar breytingar á fyrirkomulagi sjóðsins.

## 5. **Staðan í kjaramálum**

GÖG fór yfir stöðu mála og gerði grein fyrir að hann færi nánar yfir kjaramál á trúnaðarmannaráðsfundinum.

Fram kom hjá GÖG að hann og SBF funduðu með sjúkraliðum á einni starfstöð heimahjúkrunar og þar kom fram mikil óánægja með starfsumhverfi sjúkraliða, sem m.a. er haldið verulega niðri þegar horft er til sjálfsstæðis hvers og eins og nýtingu náms og verður óskað eftir fundi með stjórnendum til að fara yfir málið og krefjast aðgerða.

Félagið fylgist með því sem er að gerast í kröfugerðum hjá öðrum stéttarfélögum og fór GÖG yfir hver áhersluatriðin eru hjá þeim félögum sem hafa kynnt þau. Fram kom að stytting vinnuvikunnar verður á borði BSRB.

LSH er að fara af stað með starfsmat, sem á uppruna sinn í Bretlandi og vonir standa til að vandað verði til undirbúningsins og framkvæmdarinnar.

SBF og GÖG stefna á að nýta mars í fundarherferð með félagsmönnum um allt land og farið er fram á það við formenn svæðisdeilda að vera í samstarfi með fundarstað, tíma og skipulag.

## 6. **Ófaglærðir starfsmenn, hvatning til að hefja sjúkraliðanám**

Birna Ólafsdóttir (BÓ) formaður fræðslunefndar SLFÍ kom á fundinn og fór yfir að í vinnslu væri samstarf á milli SLFÍ, LSH, FB og FÁ um kynningu á sjúkraliðanámi og um leið að hvetja ófaglærða á LSH til að fara í sjúkraliðanám/brú. Fulltrúar skólanna munu kynna námið og bjóða upp á ákveðna aðlögun vinnu og skóla og LSH mun vera með ákveðnar starfstilslakanir fyrir þá sem fara í námið.

BÓ ræddi „Umönnunarskólann“ á LSH, sem hefur verið á Landakoti að mestu leyti í umsjá sjúkraliða þ.s. kennt er í formi námskeiða fyrir ófaglærða til að læra umönnunarstörf.

Hugmynd er um að brúarnemar þurfi að vera 23 ára, með 5 ára starfsreynsla og vera með ákveðinn lágmarks stundafjölda í námskeiðum.

BÓ fór yfir stöðuna varðandi Fagháskólanámið, sem vonast var til að gæti hafist haustið 2019. Verkefnastjóri var ráðinn af Menntamálaráðuneytinu til að undirbúa námið og hefur hann skilað skýrslu um námið til ráðuneytisins. Félagið hefur óskað eftir fundi með ráðherra til að fara yfir málið og þrýsta á að námið hefjist sem fyrst þ.s. ekkert framhaldsnám er í gangi meðan beðið er.

## 7. **Tillögur að lagabreytingum**

SBF gerði grein fyrir að tillögur að lagabreytingum hefðu borist fyrir 1. febrúar og væru því komnar með réttum fyrirvara. Tillögurnar komu frá Norðausturlandsdeild og var formaður deildarinnar beðin um að kynna tillögurnar. Hugmyndirnar ganga út á að nýliðar öðlist rétt til umsóknar í sjóði félagsins á 6 mánuðum í stað 12 og að hægt sé að koma með/leggja fram 12 mánaða gamlan reikning til að mæta því ef einhver fer á námskeið, en á ekki innistæðu nákvæmlega á þeim tíma. GÖG benti á að ekki væri

um að ræða lagabreytingar sem fara þyrftu fyrir þing félagsins, heldur einungis breytingar á úthlutunarreglum sjóðanna, sem stjórn sjóðanna getur ákveðið. Niðurstaða umræðnanna var að mæla með því við sjóðsstjórnina að breyta úthlutunarreglunum á þennan veg ef fjárhagur leyfir.

### **Önnur mál**

- SBF fór yfir að hún hefði verið að rýna lög félagsins og teldi að fara þyrfti nánar yfir þau og hugsanlega breyta/uppfæra einstaka greinar.

Fundi slitið kl. 15.55